


MÓAHVERFI
DEILISKIPULAG


SKÝRINGAR



SKIPULAGSMÖRK



LÓÐARMÖRK



MÖRK LÓÐARHLUTA TIL EINKANOTA



BYGGINGARREITUR

A - EINBÝLISHÚS 1 HÆÐ

A1 - EINBÝLISHÚS 1 HÆÐ OG KJALLARI

B1 - PARHÚS 1 HÆÐ

B2 - PARHÚS 2 HÆÐIR

C - RAÐHÚS 1 HÆÐ

D - FJÖLBÝLISHÚS 2 HÆÐIR

E3 - FJÖLBÝLISHÚS 3 HÆÐIR

E4 - FJÖLBÝLISHÚS 4 HÆÐIR

E5 - FJÖLBÝLISHÚS 5 HÆÐIR

F6 - FJÖLBÝLISHÚS 6 HÆÐIR

G4 - FJÖLBÝLISHÚS 4 HÆÐIR VIÐ TORG

G5 - FJÖLBÝLISHÚS 5 HÆÐIR VIÐ TORG

H - FJÖLBÝLISHÚS 3-4 HÆÐIR - INNGRADBÝGGÐ

I - BÚSETUKJARNI 1 HÆÐ

V - INNGRARFIN BYGGING Á 1 HÆÐ VIÐ TORG

R - DREIFISTÖÐ RAFVEITU 1 HÆÐ

S - DÆLUSTÖÐ HITAVEITU 1 HÆÐ

BINDANDI BYGGINGARLÍNA (30%)




GÖTUR



STOFNSTÍGAR



TENGISTÍGAR




STÍGAR OG STÉTTAR




ÚTIVISTARSTÍGAR



UPPLYFT YFIRBÖRÐ GATNAMÓTA EÐA ÞVERANA



BÍLASTÆÐI Á SÉRBYLISLÓÐUM
(LEIDBEINANDI STAÐSETNING)




BÍLASTÆÐASVÆÐI Á FJÖLBÝLISLÓÐUM

BIÐSTÖÐ SVA (LEIDBEINANDI STAÐSETNING)



GÖNGUBRÚ



RAMPI Í BÍLAKJALLARA (LEIDBEINANDI STAÐSETNING)



TRJÁGRÓÐUR Á BÆJARLANDI VEGNA VINDVISTAR



TRJÁGRÓÐUR (TIL SKÝRINGAR)



GRÆN SVÆÐI / ÚTIVISTARSVÆÐI INNAN BYGGÐAR



SKÓGRÆKTARSVÆÐI



HVERFISVERNDARRSVÆÐI



SNJÓÓSFUNARSVÆÐI (LEIDBEINANDI STAÐSETNING)



HLJÓÐVARNIR



STOFNLOGN VATNSVEITU



HÁSPENNUSTRENGUR



ATHAFNASVÆÐI HÁSPENNUSTRENGS

G5 - 5h

20-24 íb

3000 m²

4487 m²

800 m²

HÚSAGERÐ, FJÖLDI HÆÐA

HÁMARKS BYGGINGARMAGN

LÓÐARSTÆRÐ

FJÖLDI ÍBÚÐA

HÁMARKS BYGGINGARMAGN BÍLAKJALLARA



MÓAHVERFI - BREYTING Á DEILISKIPULAGI


GILDANDI DEILISKIPULAG, ÖÐLAÐIST GILDI 20.06 2022 M.S.BR.

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Settir eru þeir skilmálar að heimilt er að hafa allt að 15 m2 smáhýsi á lóðum sérbýlishúsa og mega þau vera utan byggingarreita. Heimilt er að hafa eitt smáhýsi fyrir hverja íbúð en innan hvernar lóðar parhúsa og raðhúsa skulu öll smáhýsi vera eins. Smáhýsi eru óheimil á lóðum fjölbýlishúsa. Smáhýsi skulu vera í samræmi við sérbýlishús innan lóðar hvað varðar útlit, þakform, lita- og efnisval. Aðrir skilmálar skulu vera skv. 2.3.5.g. lið byggingarreglugerðar nr. 112/2012 m.s.br.
- Innan lóða á skipulagssvæðinu er skilgreint hámarks byggingarmagn innan byggingarreita auk þess sem skilgreint er hámarks byggingarmagn bílgeymsla neðanjarðar á flestum lóðum fjölbýlishúsa, sem mega ná út fyrir byggingarreiiti. Sú breyting er gerð að heimilt er að hafa almennar geymslur neðanjarðar sem eru sambyggðar bílgeymslum og mega þær vera utan byggingarreita eins og bílgeymslur. Byggingarmagn almennra geymsla er hluti af byggingarmagni bygginga en ekki hluti af byggingarmagni bílgeymsla.
- Innan lóða á skipulagssvæðinu er skilgreint hámarks byggingarmagn innan byggingarreita en ekki er skilgreint hvort um sé að ræða brúttófermetra A-rýma eða bæði A- og B-rýma. Sú breyting er gerð að skilgreint hámarks byggingarmagn telst vera brúttófermetrar A-rýma en brúttófermetrar B-rýma eru ekki skilgreindir.
- Lagfært er ósamræmi í greinargerð hvað varðar bílastæði í bílgeymslum fjölbýlishúsa sem eru þrjár hæðir eða hærri, þ.e. hvort eitt stæði skuli vera fyrir hverja íbúð eða hvort almennt sé miðað við eitt stæði fyrir hverja íbúð. Eftir breytingu eru skilmálarnir þannig að almennt skal miða við að hverri íbúð í þriggja hæða fjölbýlishúsum og hærri fylgi eitt bílastæði í bílageymslu (þ.e. þar sem gert er ráð fyrir bílgeymslum), en ekki er kvóð um að öllum búðum fylgi bílastæði í bílageymslu.
- Í skilmálum um blágrænar ofanvatnslausnir segir að ofanvatn af húspökum og öðru þéttu yfirborði innan lóða frá fjölbýlishluta hverfisins skuli sett í jörð innan lóðar í þar til gerðum móttaka þaðan sem ofanvatnið getur sigið áfram ofan í jarðveginn (nánari upplýsingar um útfærslu í kafla 2.8 í greinargerð deiliskipulagsins). Sú breyting er gerð að skilmálar þessir gilda einnig um lóðir í sérbýlishluta hverfisins.

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif þar sem breytingarnar eru fremur óverulegar en möguleg jákvæð áhrif eru þar sem verið er að setja skilmála um smáhýsi sem m.a. fela í sér samræmi í útliti þeirra.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 20.06.2022, m.s.br.



ADALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030
HLUTI UPPDRÁTTAR



Uppdráttur er í mkv. 1:4000 en gildandi deiliskipulag er í mkv. 1:2000. Það sem aðeins er verið að breyta skilmálum verða engar breytingar á uppdraetti og því er ekki talin þörf á að hafa uppdrátt í réttum mælikvarða. Uppdráttur er því aðeins til skýringar.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ SKV. 2. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN AKUREYRAR

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN

AKUREYRARBÆR - DEILISKIPULAG
MÓAHVERFI - BREYTING Á DEILISKIPULAGI

TEIKN NR:	001	HANNAÐ:	Ói
KVARDI-A2:	1:4000	TEIKNAD:	Ói
DAGS:	08.12.2023	VERKNR:	21047



